



**Norðurá bs**

**Byggðasamlag um sorpeyðingu  
á Norðurlandi vestra.**

---

## Fundargerð stjórnar

### 3. fundur

Þriðjudaginn 11. apríl 2006 var fundur haldinn í stjórn byggðasamlagsins á skrifstofu Höfðahrepps kl 14.00. Á fundinn voru mættir stjórnarmennirnir: Bjarni Maronsson, Gunnar Bragi Sveinsson og Magnús B. Jónsson.

Stjórnarformaður, Bjarni Maronsson setti fundinn og stjórnaði honum.

#### 1. Staða og horfur.

##### a) Staða umhverfismats

Rætt var um hvernig væri staða umhverfismatsferlis. Fram kom að seinkun hafi orðið á vinnslu málsins og ákveðið að fara yfir málið með ráðgjafa og óska eftir nýrri tímaáætlun og skilgreiningu á þeim verkferlum sem eftir eru til að ljúka megi umhverfismati.

Mikil umræða varð um tímaferli verkefnisins og hvaða frestir séu til að ljúka ákvarðanatöku um nýjan urðunarstað og nýtt fyrirkomulag sorpförgunar í ljósi þess að landsvæði til urðunar á núverandi urðunarstöðum hefur ákveðin takmörk. Talsverð skoðanaskipti voru um málið og farið yfir hvernig best sé að nálgast ákvarðanatöku um nýjan urðunarstað en ekki varð beinlínis niðurstaða í umræðunni.

##### b) Staðarval

Umræður urðu um staðarval fyrir nýjan urðunarstað og hversu langt eigi að ganga í samningaferli við einstaka landeigendur áður en séð er fyrir endann á nýtingu núverandi urðunarstaða. Rætt var um möguleika á að samnýta að einhverju leyti núverandi urðunarstaði á meðan nýr urðunarstaður væri í vinnslu. Ekki varð niðurstaða úr umræðunni en ákveðið að hitta nokkra eigendur að því landi sem umhverfismatið nær til og kanna viðhorf þeirra til samninga. Gunnar Bragi tók að sér skipulagningu þeirra viðræðna.

##### c) Stefnumótun

Stjórnin fór yfir hvaða breytingar séu líklegar á kröfum og skilyrðum fyrir nýja urðunarstaði og sorpeyðingu almennt í næstu framtíð.

Ákveðið að óska eftir fundi með fulltrúum Umhverfisstofnunar til að fara yfir horfur í sorpeyðingarmálum. Bjarni tók að sér að ræða við Cornelis A. Mayles og óska eftir fundi.

#### 2. Svæðisáætlun.

Fyrir var tekið bréf Umhverfisstofnunar, dags. 5. janúar sl. sem borist hafði aðildarsveitarfélögum að Norðurá bs. Þar sem óskað er skýringa á því hvers vegna svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs hefur ekki borist stofnuninni. Fram kom að sveitarfélögin hafi litið svo á að Norðurá tæki að sér að láta gera sameiginlega svæðisáætlun fyrir aðildarsveitarfélögin.

---

**Norðurá bs.**

Skagfirðingabraut 17-21

550 Sauðárkrókur



**Norðurá bs**

**Byggðasamlag um sorpeyðingu  
á Norðurlandi vestra.**

---

Fyrir fundinum lá tölvubréf Hafsteins Helgasonar verkfræðings á Línuhönnun sem samkvæmt ósk stjórnarinnar stillir upp á hvern hátt fyrirtækið gæti staðið að gerð svæðisáætlunar fyrir Skagafjörð og Austur Húnavatnssýslu. Þar kemur fram að verkið geti tekið um 10 vikur, vinnutímar við svæðisáætlunina geti numið um 250 klst. og kostnaður um 2,1 milljón króna.

Stjórnin samþykkti að ganga til samninga við Línuhönnun um verkið með fyrirvara um samþykki sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna.

### **3. Önnur mál.**

Rætt var um laun stjórnarmanna og samþykkt að miða við laun í fastanefndum sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 15.30

Bjarni Maronsson (sign)

Gunnar Bragi Sveinsson (sign)

Magnús B. Jónsson (sign)

---

**Norðurá bs.**

Skagfirðingabraut 17-21

550 Sauðárkrókur